



REYKJANESBÆR

ÚTBOÐS OG VERKLÝSING

SKÓGARBRAUT 932

Leiksskói - viðbygging úr einingum

EFNISYFIRLIT	bls.
VERKTRYGGING	4
VERKSAMNINGUR	5
0 ÚTBOÐS- OG SAMNINGSSKILMÁLAR	8
0.1 YFIRLIT	8
0.1.1 Útboð	8
0.1.2 Útboðsform - útboðsyfirlit	8
0.1.3 Verkkaupi og ráðgjafar	8
0.1.4 Eftirlit verkkaupa	8
0.1.5 Útboðsgögn	9
0.1.6 Lauslegt yfirlit yfir verkið	9
0.1.7 Kynningarfundur - vettvangsskoðun.....	9
0.1.8 Aðrir verktakar.....	9
0.1.9 Gerð og frágangur tilboðs	9
0.1.10 Tilboðsskrá	10
0.1.11 Verðlagsgrundvöllur, verðlagsbreytingar	10
0.1.12 Greiðslur	10
0.1.13 Greiðslur fyrir aukaverk.....	10
0.1.14 Skilafrestur og tafabætur.....	11
0.1.15 Skýringar á útboðsgögnum	11
0.1.16 Hönnunargögn og verklýsingar.....	11
0.1.17 Breytingar á verkinu, aukaverk - viðbótarverk	11
0.1.18 Auðkenni tilboðs.....	11
0.1.19 Opnun tilboðs	12
0.1.20 Mat á tilboðum.....	12
0.1.21 Upplýsingar um bjóðendur	12
0.2 ALMENNIR VERKSKILMÁLAR	13
0.2.1 Verktrygging	13
0.2.2 Ýmis göld og kostnaður sem verkkaupi greiðir.....	13
0.2.3 Framlag verkkaupa	13
0.2.4 Verkstjórn og verktaka og verkfundir	13
0.2.5 Gæði verksins	14
0.2.6 Efnisval og vinnuáferðir	14
0.2.7 Málsetningar og mælingar	14
0.2.8 Sýnishorn og prófanir	14
0.2.9 Samskipti við yfirvöld	14
0.2.10 Verksamningur - Verkáætlun.....	15
0.2.11 Undirverktakar	15
0.2.12 Tryggingar og önnur gjöld	15
0.2.13 Veðsetningar - eignarréttarfyrirvarar	15
0.2.14 Dagbók.....	15
0.2.15 Vinnustaður.....	15
0.2.16 Úttektir.....	16
0.2.17 Ágreiningsmál.....	17
0.2.18 Verkmappa gæðakerfis	17
1 VIÐBYGGING	19
1.1 Viðbygging	19

1.1.1 Almenn lýsing..... 19

TILBOÐSBLAÐ

Undirritaður gerir hér með eftirfarandi tilboð í verkið "Skógarbraut 932 – Leikskóli - viðbygging úr einingum" fyrir Reykjanesbæ samkvæmt útboðsgögnum.

Heildarfjárhæð tilboðs er með virðisaukaskatti:

Sundurliðun í einstök verk eru:

1	Viðbygging	kr.	_____
	Heildarfjárhæð tilboðs með VSK	kr.	_____

Ég hef kynnt mér ákvæði útboðsgagna og í samræmi við þau býð ég að vinna

verkið fyrir kr. _____

Skrifað kr. _____

Staður og dagsetning : _____

Nafn : _____

Heimilisfang : _____ Sími : _____

Netfang : _____

VERKTRYGGING

Undirritaður lýsir því hér með yfir að hann ábyrgist Reykjanesbæ, sem verkkaupa, greiðslu á allt að kr. _____ sem eru 10% samningsfjárhæðar sem tryggingu fyrir því, að _____ inni í einu og öllu af hendi samningsskyldur sínar við verkið: ” Skógarbraut 932 – Leikskóli - viðbygging úr einingum ”

Ábyrgðartrygging þessi er sett samkvæmt ákvæðum útboðslýsingar og gildir þar til lokaúttekt verksins hefur farið fram en lækkar þá í 4% af samningsupphæð og fellur niður ári þar á eftir.

Verkkaupi (Reykjanesbær) getur krafist undirritaðan um greiðslu tryggingarfjárins að einhverju eða öllu leyti, einhliða og án undangengins dóms, ef hann telur það nauðsynlegt til að bæta galla, sem fram hafa komið á verki verktaka, eða til greiðslu á hvers konar kostnaði, sem hann hefur orðið fyrir vegna vanefnda verktaka á ákvæðum verksamningsins og skal greiðslan fara fram strax og hennar er krafist.

(Undirskrift banka eða tryggingarfélags).

Vitundarvottar:

VERKSAMNINGUR

Undirritaðir, Bæjarsjóður Reykjanesbæjar, kt. 470794-2169, hér eftir nefndur verkkaupi og

_____ kt. _____ hér eftir nefndur verktaki, gerum með okkur eftirfarandi samning.

1. grein.

Verktaki tekur að sér verkið: " Skógarbraut 932 – Leikskóli – viðbygging úr einingum ". Verk þetta skal framkvæmt samkvæmt útboðsgögnum dagsettum í janúar 2018 og þeim gögnum sem þar eru talin sem útboðsgögn og vísað til.

2. grein.

Eftirtalin gögn skulu teljast hluti af samningi þessum:

1. Íslenskur staðall ÍST-30:2012-6. útgáfa.
2. Útboðs og verklýsing.
3. Uppdrættir.
4. Útfyllt tilboðsskrá ásamt undirrituðu tilboðsblaði dagsettu _____ 2018.
5. Verktrygging.
6. Verkáætlun

3. grein.

Fyrir framangreint verk greiðir verkkaupi verktaka _____. Fjárhæðin greiðist á þann hátt sem samningsgögn greina.

4. grein.

Mál er kunna að rísa út af samningi þessum skal reka fyrir Héraðsdómi Reykjanes án milligöngu sáttamanna.

5. grein.

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða frumrit, sitt handa hvorum aðila, og skal hvort um sig teljast fullgilt frumrit samningsins.

Reykjanesbær, _____ 2018.

F.h. verkkaupa:

F.h. verktaka:

Vottar:

ÚTBOÐSLÝSING

0 ÚTBOÐS- OG SAMNINGSSKILMÁLAR

0.1 YFIRLIT

0.1.1 Útboð

Reykjanesbær óskar hér með eftir tilboðum í verkið

" Skógarbraut 932 Leikskóli – viðbygging úr einingum "

Verkið skal vinna skv. þessari útboðs og verklýsingu og þeim gögnum sem þar er vísað til. Innifalið í tilboði skal vera allt sem til þarf til að vinna verkið og ljúka því eins og nánar er skilgreint í útboðsgögnum. Tilboð skal gera á meðfylgjandi tilboðsblöð.

0.1.2 Útboðsform - útboðsyfirlit

Hér er um opið útboð að ræða skv. grein 1.2.2 í ÍST-30.

ÚTBOÐSYFIRLIT

Kynningarfundur	Á ekki við.	Sjá kafla 0.1.7
Fyrirspurnartíma lýkur	24. janúar 2018	
Svarfrestur rennur út	26. janúar 2018	
Opnun tilboða	29. janúar 2018, Kl: 11:00.	Sjá kafla 0.1.19
Upphaf samningstíma	Við töku tilboðs	Sjá kafla 0.2.14
Lok framkvæmdatíma	30. júní 2018	Sjá kafla 0.1.14
Tilboðstrygging	Á ekki við	
Hæfi bjóðenda	Sjá grein 0.1.21	
Tafabætur	kr. 350.000.- á dag	Sjá grein 0.1.14
Verðlagsgrundvöllur	Óverðtryggt verðbætist ekki	sjá grein 0.1.11
Fylgigögn með tilboði	Eins og kemur fram í gögnum	
Opnunarstaður tilboða	Umhverfissvið Reykjanesbæjar, Tjarnargata 12, Reykjanesbær.	

0.1.3 Verkkaupi og ráðgjafar

Verkkaupi: Reykjanesbær
Umsjón: **Umhverfis- og skipulagssvið** sími: 421-6700
Tjarnargata 12
230 Reykjanesbær
Guðlaugur H Sigurjónsson

Ráðgjafar: **Tækniþjónusta SÁ ehf** sími: 421-5105
Hafnargötu 60
230 Reykjanesbær

0.1.4 Eftirlit verkkaupa

Verktaki skal í öllu framkvæma verkið í samráði við eftirlitsmann er verkkaupi skipar við verkið. Ef verktaki er í vafa um einstök atriði verksins skal hann leita úrskurðar eftirlitsmanns.

Eftirlit verkkaupa kemur ekki í stað opinbers eftirlits samkvæmt lögum og skal verktaki sjá um að boða það þegar það á við.

Eftirlitsmenn skulu eiga greiðan og óhindraðann aðgang að verkstað.

0.1.5 Útboðsgögn

Útboðsgögn eru:

- a) Tilboðsblað, tilboðsskrá.
- b) Útboðslýsing.
- c) Verklýsing.
- d) Útboðsteikningar.
- e) Íslenskur staðall, ÍST-30.
- f) Drög að verksamningi.
- g) Öll gögn sem vísað er til í ofantöldum gögnum.

0.1.6 Lauslegt yfirlit yfir verkið

Verkið er fólgið í útvegum og uppsetningu á um 585 m² viðbyggingu (áfangi 2) við núverandi byggingu að Skógarbraut 932, Reykjanesbær.

Viðbygging skal vera úr gámaeiningum eða öðrum sambærilegum og jafngóðum einingum sem unnt skal vera að taka niður eftir uppsetningu og setja upp annarsstaðar ákveði verkkaupi svo seinna. Einingar eru gólf-, vegg- og þakeiningar skulu vera fullbúnar utan sem innan tilbúnar til notkunar eftir uppsetningu. Einingar skulu tilpassa meðfylgjandi módukerfi á teikningum og skipulagi eins kemur fram á aðaluppdráttum og verða frávik frá þeim ekki samþykkt.

Allar lagnir skulu vera í viðkomandi einingum þ.m.t. fráveitu-, hita-, neyslu-, rafl- og loftræstilagnir. Gólfhitalagnir skulu vera í öllum rýmum sem tilheyra deildum 3 og 4 sem og í íþróttasal, fjölnotarýmum og listasmiðju. Meðfylgjandi lagnateikningar eru til leiðbeingar og einföldunar fyrir bjóðendur við tilboðsgerðina og til hliðsjónar en bjóðendum er heimilt að bjóða aðrar lausnir en þá skulu fylgja með tilboði teikningar og lýsingar sem sýna aðra lausn á lögnum ásamt öllum upplýsingum um efni. Innifalið í tilboði skal einnig vera allar innréttingar og búnaður eins og upp er talinn og fram kemur á teikningum.

Hönnun raflagna og raflagnateikningar fylgja ekki með útboðsgögnum heldur skulu bjóðendur skulu láta fylgja með tilboði sínu teikningar sem sýna raflagnir, lýsingu, tölvulagnir, neyðarlýsingu, tengla, rofa og annað það sem þarf til að uppfylla kröfur varðandi raflagnir fyrir byggingu sem þessa og kemur fram á uppdráttum og í verklýsingu þessari.

Verkkaupi leggur til og sér um jarðvinnu, undirstöður og lagnir að viðbyggingu en bjóðandi skal útvega og reisa viðbyggingu með búnaði og tengja við lagnir og skila byggingu fullfrágenginni og tilbúinni til notkunar.

0.1.7 Kynningarfundur - vettvangsskoðun.

Kynningarfundur - vettvangsskoðun verður skv. grein 0.1.2.

0.1.8 Aðrir verktakar

Á verktímanum verða aðrir verktakar á vegum verkkaupa við störf á svæðinu, m.a. vegna vinnu við núverandi byggingu og við lóðaframkvæmdir ofl. Bjóðendur skulu gera ráð fyrir því að þurfa að hliðra til fyrir þeim, ekki er greitt sérstakalega fyrir þetta heldur skal kostnaður vegna þessa innifalinn í einingaverðum tilboðs.

0.1.9 Gerð og frágangur tilboðs

Tilboð skal gera í hvert verk eins og því er lýst í útboðsgögnum.

Tilboð skal gera á tilboðseyðublað og í óútfyllta tilboðsskrá. Í tilboðsskrá ber að fylla út í alla auða reiti fyrir einingaverð svo og samtölur á aftasta dálki.

Einingaverð skulu vera í heilum krónum. Tilboðið telst eigi fullgilt nema fyllt sé í alla ofantalda reiti, og einingaverð séu í heilum krónum. Að lokum skal færa niðurstöðutölu tilboðs á tilboðsblað. Einingaverð og tilboðsupphæð skulu vera með vsk.

Í tilboði skal vera innifalinn allur lög- og samningsbundinn kostnaður sem fylgir því að hafa menn í vinnu, selja vinnu þeirra og það efni, sem til verksins þarf, svo og allur kostnaður við ferðir og uppihald starfsmanna, yfirstjórn, ágóði o.s.frv. Undir þessi ákvæði fellur einnig virðisaukaskattur og annar kostnaður, þótt ótalin sé hér að ofan. Verkkaupi leggur aðeins til verksins það sem tilgreint er í grein 0.2.2.

0.1.10 Tilboðsskrá

Þjóðendur skulu í tilboði sínu reikna með þeim magntölum sem gefnar eru upp í tilboðsskrá. Í verklýsingu er gerð grein fyrir reglum sem magntölur eru reiknaðar eftir. Ef verktaki telur efnisþörf verklíða meiri en fram kemur í áðurnefndum reglum t.d. vegna rýrnunar þá skal hann taka tillit til þess í einingaverðum viðkomandi liðar.

Ef einhverjir liðir í tilboðsskránni eru óútfylltir skal líta svo á að þeir séu innifaldir í öðrum tilboðsliðum.

0.1.11 Verðlagsgrundvöllur, verðlagsbreytingar

Samningsbundnar greiðslur eru fastar og taka ekki hækkunum eða lækkunum hlutfallslega með hækkun eða lækkun byggingarvísitölu eða annarra vísitalna.

0.1.12 Greiðslur

Greiðslur verða inntar af hendi skv. framlögðum reikningum, þar sem tilgreina skal þá verklíði, eða hluti þeirra, sem reikningur er gerður fyrir hverju sinni. Gera skal reikninga hálfsmánaðarlega fyrir öllu því sem unnið hefur verið og óreikningsfært er. Til greiðslu kemur einungis sannanlega unnið magn sem fulltrúar verkkaupa og verktaka hafa mælt sameiginlega. Reikningar verða greiddir innan 3ja vikna frá því að fulltrúi verkkaupa hefur samþykkt þá.

Reikningsform er háð samþykki eftirlitsmanns.

Greiðsla á framvindureikningi innifelur ekki í sér endanlegt samþykki á magntölum eða reikningsupphæð.

Engar greiðslur verða inntar af hendi fyrr en verktaki hefur afhent verktryggingu og skrifað hefur verið undir verksamning.

Gera skal sérstaka reikninga vegna viðbótar- og aukaverka.

0.1.13 Greiðslur fyrir aukaverk

Komi til aukaverka eða aukningar á magni skal fylgja ákvæðum ÍST-30 þar að lútandi. Gera skal sérstaka reikninga vegna slíkra aukaverka og láta fylgja þeim greinagerð um verkið og útreikning þeirra magntalna sem reikningurinn byggist á.

Verktaki má engin aukaverk vinna nema með skýlausum fyrirmælum eftirlitsmanns verkkaupa. Meginreglan skal vera sú að um aukaverk sé samið á grundvelli tilboðs verktakans.

Útlagður efniskostnaður verktaka vegna reikningsvinnu greiðist verktaka með 10% álagi. Greiðsla þessi er fyrir allan kostnað og fyrirhöfn verktaka við efnisútvegum.

0.1.14 Skilafrestur og tafabætur

Framkvæmdir geta hafist sjá grein 0.1.2 og skal verki vera lokið eigi síðar en sjá grein 0.1.2 og fer lokaúttekt þá fram.

Dragist endanleg verklok fram yfir lok framkvæmdatíma sjá grein 0.1.2 skal verktaki greiða verkkaupa tafabætur sjá grein 0.1.2 fyrir hvern dag sem dregst að skila verkinu.

0.1.15 Skýringar á útboðsgögnum

Nú óskar væntanlegur bjóðandi eftir nákvæmari upplýsingum t.d. frekari skýringar á útboðsgögnum eða hann verður var við ósamræmi í útboðsgögnum, sem getur haft áhrif á tilboðsfjárhæð. Bjóðandi skal þá senda Tækniþjónustu SÁ, Hafnargötu 60, 230 Keflavík, á netfangið sigurdur@t-sa.is skriflega fyrirspurn, sem þarf að hafa borist eigi síðar en sjá dagsetningu í kafla 0.1.2. Fyrirspurnir og svör við þeim verða send öllum sem sótt hafa útboðsgögn og teljast þar með hluti af útboðsgögnum.

Verkkaupa er heimilt að gefa út viðauka við útboðsgögnin sem verður þá um leið hluti af útboðsgögnum.

0.1.16 Hönnunargögn og verklýsingar

Verktaki sem samið verður við fær til afnota 3 sett af útboðs- og verklýsingum og af teikningum eins og við á. Verktaki skal sjá um að undirverktakar kynni sér gögn áður en verk hefst. Sama gildir ef gefin eru út breytt gögn. Ef verktaki telur sig þurfa fleiri sett skal hann greiða fyrir

0.1.17 Breytingar á verkinu, aukaverk - viðbótarverk

Breytingar geta verið eftirfarandi:

Viðbótarverk – verk á grundvelli samnings, verð eru til í samningi.

Aukaverk – verð eru ekki til í samningi, semja þarf sérstaklega um verð.

Verkkaupa er heimilt að krefjast breytinga á verkinu frá uppdráttum og verklýsingum.

Verktaki á rétt á greiðslu vegna aukins kostnaðar sem af breytingum leiðir og skal krafa byggð á verðlagi samnings að viðbættum verðbótum samkvæmt samningi og skal hún koma fram áður en framkvæmd breytinga hefst. Leiði breyting til lækkaðs kostnaðar getur verkkaupi á sama máta krafist lækkunar á samningsfjárhæð, enda sé sú krafa gerð þegar í stað og á sama grundvelli og áður er lýst um aukinn kostnað. Aðilar skulu semja um þá hækkun eða lækkun samningsfjárhæðar sem leiðir af kröfum verkkaupa um breytingar áður en vinna við verkliðinn hefst. Samningsgerð þessi skal ekki valda töfum á framkvæmdum. Koma skal fram í samkomulaginu hvort verktaki eigi kost á framlengingu skilátíma og þá hversu mikið.

Verktaki má engin aukaverk eða viðbótarverk vinna nema skv skriflegri beiðni verkkaupa þar um. Allar óskir um breytingar, viðbótar- og eða aukaverk skulu vera skriflegar.

Sé um tímavinnu að ræða skal verktaki tilkynna verkkaupa hvenær verkið verður unnið og af hverjum. Verktaki skal skila daglega útfylltum tímaskýrslum þar sem fram komi við hvað var unnið, hvenær og afhverjum. Einnig komi fram efni sem notað er til verksins. Allir vinnuseðlar skulu samþykktir og áritaðir af eftirlitsmanni verkkaupa.

0.1.18 Auðkenni tilboðs

Tilboðum skal skila í lokuðu umslagi merktu:

" Skógarbraut 932
Leikskóli – viðbygging úr einingum "

0.1.19 Opnun tilboðs

Tilboðum skal skilað á skrifstofur Skrifstofur Umhverfissvið Reykjanesbæjar, Tjarnargata 12, Reykjanesbær, í lokuðu umslagi þar sem nafn og heimilsfang bjóðanda komi fram á umslagi sem og nafn og númer útboðs. Tilboð skulu hafa borist fyrir þann tíma sem gefinn er upp í grín 1.1.2. og verða tilboð þá opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Við opnun verða lesin upp nöfn bjóðenda og tilboðsupphæð sem boðin er í verkið.

0.1.20 Mat á tilboðum

Verkkaupi áskilur sér rétt til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum tilboðum.

Samanburður tilboða mun byggjast á yfirfarinni heildartilboðsupphæð bjóðenda.

Við mat á tilboðum verktaka verða auk tilboðsverðs hafðar til hliðsjónar þær upplýsingar sem verktaki þarf að leggja fram varðandi fyrirtækið skv. kafla 0.21. Einnig verður höfð til hliðsjónar reynsla verkkaupa af fyrri verkum verktaka.

Ekki verður greidd þóknun fyrir gerð tilboðs.

0.1.21 Upplýsingar um bjóðendur

Þeir bjóðendur, sem að lokinni opnun tilboða koma til álita sem verktakar, verða að láta í té eftirtaldar upplýsingar innan 3ja daga sé þess óskað. Litið verður á upplýsingarnar sem trúnaðarmál.

- a) Almennar upplýsingar um fyrirtæki bjóðanda, svo sem kennitölu, afkastagetu í mannafla, tækjum, reynslu yfirmanna, svo og nafn þess starfsmanns sem ber ábyrgð á og annast upplýsingagjöf vegna tilboðsins.
- b) Fjárhagsstöðu fyrirtækis, lagður fram ársreikningur (eða árshlutareikningur sé komið fram yfir júlí) og yfirlýsing viðskiptabanka um bankaviðskipti. Ef verktaki er einstaklingur í rekstri skal hann leggja fram afrit af síðasta skattaframtali.
- c) Staða opinberra gjalda þ.m.t. tryggingargjald og virðisaukaskattur, staðfest af viðkomandi innheimtuaðila. Staðfesting á skilum af lífeyrissjóðsgjaldi fyrir starfsmenn og eigendur starfandi hjá fyrirtækinu.
- d) Skrá yfir helstu verk og lýsing á reynslu fyrirtækisins í sambærilegum framkvæmdum.
- e) Skrá yfir tæki og búnað sem fyrirhugað er að nota við verkið.
- f) Skrá yfir undirverktaka sem bjóðandi hyggst ráða til verksins.
- g) Upplýsingar um önnur verk sem bjóðandi þarf að vinna meðan á þessu verki stendur.

Verkkaupi áskilur sér rétt til að hafna bjóðendum ef fram koma eitt eða fleiri af eftirtöldum atriðum:

Bjóðandi er í vanskilum með opinber gjöld.

Bjóðandi er í vanskilum með lífeyrissjóðsgjöld starfsmanna.

Ársreikningur bjóðanda sýnir eigið fé undir 100.000.000.-

Bjóðandi er í nauðasamningum eða gjaldþrotaskiptum.

Þjóðandi hefur ekki tæknilega, faglega eða fjárhagslega getu til að framkvæma verkið.

0.2 ALMENNIR VERKSKILMÁLAR

Um verk þetta gildir ÍST-30.

0.2.1 Verktrygging

Áður en skriflegur verksamningur er undirritaður skal verktaki setja bankatryggingu fyrir því að hann efni skyldur sínar samkvæmt samningum, 10% af samningsupphæð eða aðra tryggingu sem verkkaupi metur jafngóða og samþykkir.

Trygging þessi skal standa þar til lokaúttekt hefur farið fram en verður þá lækkuð í 4% af samningsupphæð og skal standa þannig í 12 mánuði.

Óheimilt er að lækka eða fella niður verktrygginguna nema til komi skrifleg heimild um það frá verkkaupa.

Trygging þessi skal vera á því formi að hún sé aðgengileg án undangengis dómsúrskurðar og að greiðsla skuli innt af hendi eigi síðar en 14 dögum eftir að hennar er krafist. Orðalag að öðru leiti háð samþykki verkkaupa.

Verkkaupi mun ekki setja aðra tryggingu fyrir greiðslum en þá sem felst í ákvæðum verksamnings.

0.2.2 Ýmis göld og kostnaður sem verkkaupi greiðir.

Verkkaupi leggur til verksins greiðslu eftirtalinna gjalda og kostnaðar, eins og við á hverju sinni:

- Byggingarleyfisgjald.
- Gatnagerðargjald.
- Holræsagjald.
- Heimtaugargjald rafveitu.
- Heimæðargjald hitaveitu.
- Heimæðargjald vatnsveitu.
- Mælingargjald.
- Skipulagsgjald.
- Brunabótamatsgjald.
- Iðgjald af brunatryggingu eignar á framkvæmdatíma, sbr. grein 3.9.2 í ÍST 30.
- Kostnað við gerð aðaluppdráttar.
- Kostnað við hönnun undirstaða og lagna í grunni og lagna að nýbyggingu.
- Kostnað við eftirlit.
- Stjórnunarkostnað verkkaupa.

0.2.3 Framlag verkkaupa

Verkkaupi leggur hvorki til efni, tæki né búnað vegna verksins.

0.2.4 Verkstjórn og verktaka og verkfundir

Almennum kröfum til verkstjórnar verktaka er lýst í grein 4.1 í ÍST-30.

Verktaki og undirverktakar skulu gera ráð fyrir að þurfa að mæta vikulega á verkfundi með fulltrúa verkkaupa meðan á verkinu stendur. Verkfundargerðir eru ritaðar af eftirlitsaðila verkkaupa og skulu samþykktar með undirritun af báðum aðilum.

0.2.5 Gæði verksins

Almennum kröfum um gæði verksins er lýsti í grein 4.3 í ÍST-30.

Öll vinna og allur frágangur verksins skulu vera vönduð og fagmannlega unnin, í samræmi við fyrirsögn um vinnubrögð, góðar fagvenjur, faghefðir og metnað.

Forsvarsmenn verksins skulu hafa þá reynslu sem með þarf við framkvæmd þess, og full réttindi þar sem þeirra er þörf. Fagvinna skal unnin af fagmönnum og skal verktaki skila inn afritum af skírteinum um réttindi starfsmanna sé þess óskað.

Verktaki skal framvísa fullgildum uppruna- og gæðavottorðum með öllu efni sem hann hyggst nota og staðfesti gæði með rannsóknarniðurstöðum eftir því sem krafist er í verklýsingu.

Verktaki skal bæta að fullu alla galla, sem fram kunna að koma á verkinu og um er að kenna slæmum frágangi eða efni. Þrátt fyrir eftirlit verkkaupa, ber verktaki fulla ábyrgð á efni og vinnu.

Eftirlitsaðili getur sett tímatakmörk um hvenær það sem áfátt er talið, skuli vera lagfært og heimilt er að stöðva greiðslur til verktaka uns þær lagfæringar hafa farið fram.

Verktaki skal vinna samkvæmt gæðakerfi sambærilegu við ÍST EN ISO 9001 eða yfirstjórnandi verks hafa sótt námskeið í gæðastjórnun við verklegar framkvæmdir (sbr. námskeið sem Samtök iðnaðarins standa að) og vinna eftir þeim leiðbeiningum og eyðublöðum sem þar eru sett fram.

Verkkaupi gerir þá kröfu til verktaka að hann útbúi “verkmöppu gæðakerfis”, sem tekur á innra eftirliti og sjái til þess að undirverktakar sem hann hyggst ráða til verksins vinni samkvæmt þeirri verkmöppu.

Verktaki skal leggja fram grunn að verkmöppu gæðakerfis fyrir undirritun verksamnings. Grundvallarkröfur sem verkkaupi gerir til verkmöppunnar eru settar fram í grein 0.2.18.

0.2.6 Efnisval og vinnuaðferðir

Þjóðandi skal miða tilboð sitt við að efni og vinna uppfylla íslenska staðla og reglugerðir.

0.2.7 Málsetningar og mælingar

Verktaki sér um allar mælingar og útsetningar sem nauðsynlegar eru til að framkvæma verkið samkvæmt verksamningi og skal kostnaður við það innifalinn í hverjum verklíð. Verktaki ber fulla ábyrgð á sínum mælingum og útsetningum gagnvart verkkaupa. Ef verktaki verður var við málskekkjur skal hann tilkynna það verkkaupa án tafar til úrskurðar.

0.2.8 Sýnishorn og prófanir

Verktaki skal með tilboði sínu senda inn upplýsingar um efni sem hann hyggst bjóða í tilboði sínu, hér er átt við t.d. veggjálklæðningar, hreinlætistæki, lagnaefni, gólfefni, utanhússklæðningar og annað það sem nauðsynlegt má teljast fyrir verkkaupa til að meta gæði þess sem boðið er.

Verktaki má gera ráð fyrir því að þurfa að leggja fyrir verkkaupa sýnishorn af efni sem verktaki er að bjóða. Þar sem það á við skal efni vera vottað og viðurkennt til notkunar hér á landi.

0.2.9 Samskipti við yfirvöld

Verktaki skal afhenda eftirlitsaðila verkkaupa afrit af öllum samskiptum hans við byggingaryfirvöld og önnur yfirvöld sem tengjast framkvæmdinni. Ekki má sækja um undanþágu frá gildandi lögum eða reglugerðum án undangengins samþykkis verkkaupa.

Verktaki skal afhenda staðfestingu á því að byggingarstjóri og iðnmeistarar hafi skráð sig á verkið hjá viðkomandi byggingarfulltrúa. Verktaki skal leggja til byggingastjóra, ekki verður greitt sérstaklega fyrir hann heldur skal kostnaður við hann innifalinn í einingaverðum tilboðs.

0.2.10 Verksamningur - Verkáætlun

Verktaki skal leggja fram ítarlega verkáætlun áður en verk hefst og gengið er frá verksamningi. Verktaki skal haga verkum sínum þannig að verkáætlun raskist ekki. Ekki verður gengið frá verksamningi fyrr en verkáætlun liggur fyrir.

0.2.11 Undirverktakar

Verktaka er óheimilt án samþykkis verkkaupa að láta þriðja aðila ganga inn í tilboð sitt og vinna verkið allt eða hluta þess í sinn stað. Hins vegar er verktaka heimilt að afla tilboða hjá undirverktökum í einstaka hluta verksins. Aðalverktaki ber ábyrgð á öllum hlutum verksins gagnvart verkkaupa. Öll ákvæði útboðslýsingar gilda jafnt um undirverktaka og aðalverktaka.

Aðalverktaki skal fá samþykki verkkaupa á undirverktökum sem hann ætlar að nota í verkinu.

0.2.12 Tryggingar og önnur gjöld

Verktaki skal hafa verkið sjálft og efni, þar með talið efni sem verkkaupi hefur lagt til og er á vinnustað, nægilega hátt váttryggt fyrir tjóni af hvaða völdum sem er.

Ábyrgðartrygging verktaka skal eigi nema lægri upphæð en 100 milljónum króna fyrir tjón í hverju einstöku tilviki. Ábyrgðartrygging skal taka til alls tjóns, sem þriðji aðili kann að verða fyrir vegna framkvæmdanna.

Eftirlitsmaður verkkaupa getur krafist þess að verktaki framvísi váttryggingarskírteinum og kvittunum fyrir greiðslu iðgjalda.

Slysatryggingu alla skal verktaki annast og kosta, sem og önnur þau lögboðnu og sammingsbundnu gjöld og tryggingar, sem fylgja því að hafa menn í vinnu og selja efni og þjónustu. Aðalverktaki ber ábyrgð á að undirverktakar fullnægi einnig skyldum sínum í þessu efni og skulu þeir einnig sýna váttryggingarskírteini og kvittanir fyrir greiðslu þeirra krefjist eftirlitsmaður verkkaupa þess.

0.2.13 Veðsetningar - eignarréttarfyrirvarar

Verktaka er óheimilt að binda verkkaupa á nokkurn hátt af lánnum eða öðrum skuldbindingum sem hann kann að taka á sig á verk tímanum. Einnig er verktaka óheimilt að veðsetja efni sem ætlað er til verksins og verkkaupi hefur greitt fyrir.

Ekkert efni sem verkkaupi hefur greitt fyrir má vera með eignarréttarfyrirvara frá seljanda efnisins. Ef verktaki fær greitt fyrir efni sem komið er á verkstað og lætur þessi ekki getið að það sé með eignarréttarfyrirvara er litið á slíkt sem alvarleg svik af hálfu verktaka sem heimilar verkkaupa að rifta verksamningi tafarlaust án frekari viðvörunar.

0.2.14 Dagbók

Verktaki skal halda dagbók yfir verkið. Í hana skal skrá verkefni hvers dags, veður, mannafla, tæki og annað sem þýðingu hefur fyrir framgang verksins. Einnig skal verktaki skrá þar allar fyrirspurnir sínar og ábendingar til eftirlits, og eftirlitsmaður skal skrá útskýringar sínar. Dagbókina skal færa í þríriti og fær eftirlitsmaður frumrit, verktaki heldur 1. afriti en 2. afrit skal vera kyrrt í bókinni á verkstað.

0.2.15 Vinnustaður

Verktaki tekur við svæðinu í núverandi ástandi og er bent á að kynna sér allar aðstæður á staðnum.

Búnaður, sem tilheyrir vinnustaðnum svo sem vinnuskúrar o.þ.h., svo og rekstur og viðhald þess búnaðar, rekstur vinnusvæðisins í heild, frágangur í verklok og brottflutningur af vinnusvæðinu, er ekki talið sem sérstakur liður í tilboðsskrá, heldur skulu þessi atriði vera innifalin í verði annarra verkliða.

Vinnusvæðið er í íbúðarhverfi þar sem börn eru að leik og skal verktaki haga vinnu sinni þannig að ekki stafi hætta af framkvæmdinni. Láti verktaki vinna utan hefðbundins vinnutíma skal vinnutilhögunin vera þannig að sem minns ónæði hljótist af fyrir umhverfið og er hér sérstaklega átt við hávaðasamar framkvæmdir. Um þetta skal verktaki hafa fullt samráð við eftirlitsmann verkkaupa.

Verktaki skal gæta ýtrustu varúðar við framkvæmd verksins og hafa samráð við eftirlitsmann um allar varúðarráðstafanir eftir því sem við á. Áður en framkvæmdir hefjast skal verktaki láta framkvæma áhættumat og leggja fyrir eftirlitsmann svo og tillögur um varúðarráðstafanir sem nauðsynlegt er að gera vegna þess og skal verktaki sjá um að varúðarráðstafanir þær sem nauðsynlegar eru sé framfylgt og viðhaldið. Ekki verður greitt sérstaklega fyrir þetta heldur skal verktaki innifela kostnað vegna þessa í verði annara verkliða.

Verktaki skal fylgja öllum reglum um öryggi á vinnustað til hins ýtrasta, bæði hvað vélar og aðbúnað snertir. Hann skal einnig hafa brunavarnir og reglur um meðferð eldfimra efna, sem viðhlítandi teljast að dómi eftirlitsmanna og skv. skilmálum váttryggingar. Reglum og leiðbeiningum um meðferð lagna frá veitufyrirtækjunum skal fylgt í hvívetna. Sérstök athygli er vakin á reglum Vinnueftirlits ríkisins um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð.

Verkkaupi áskilur sér rétt til að taka út öryggismál á vinnusvæði með eftirlitsmanni. Komi í ljós að verktaki fylgir ekki kröfum útboðslýsingar varðandi öryggismál er heimilt að stöðva framkvæmdir á verki.

Verktaki skal halda vinnusvæðinu hreinu og snyrtilegu þannig að sem minnst hætta sé á að rusl fjúki burt af vinnusvæðinu, einnig skal þannig gengið frá efni að ekki sé hætta á að það geti fokið burt sé það geymt utanhúss. Verktaki skal ávalt sjá til þess að efnisafgangar séu fjarlægðir og fargað jafnóðum. Kostnað vegna þessa skal innifela í verði annara verkliða.

Búnaður, sem tilheyrir vinnustaðnum svo sem vinnuskúrar o.þ.h., svo og rekstur og viðhald þess búnaðar, rekstur vinnusvæðisins í heild, frágangur í verklok og hreinsun, þrif og brottflutningur vinnuskúra, efnis og efnisafgangar af vinnusvæðinu, er ekki talið sem sérstakur liður í tilboðsskrá, heldur skulu þessi atriði vera innifalin í verði annara verkliða.

0.2.16 Úttektir.

Verkinu telst ekki lokið af hálfu verktaka fyrr en lokaúttekt hefur farið fram. Ennfremur skal verktaki hafa lokið brottflutningi vinnuskúra, tækja og umframefnis sem ekki er nýtt á staðnum.

Verktaki og fulltrúar verkkaupa skulu við lokaúttekt yfirfara allt verkið og staðfesta eftirfarandi:

- 1) Að verktaki hafi lokið öllu sínu verki í samræmi við samningsgögnin.
- 2) Að fullnægjandi niðurstöður allra fyrirskrifaðra prófana liggi fyrir.
- 3) Að fullnægjandi gögnum með öllu efni sem notað var við framkvæmdina og krafist var gagna um hafi verið skilað.
- 4) Að fyrir liggi úttekt eins og krafist er frá þeim opinberu aðilum sem hlut eiga að máli.
- 5) Að verkkaupa hafi verið afhentar allar upplýsingar um breytingar á útfærslum frá upphaflegu gögnum.

Séu atriði 1-5 hér að ofan staðfest fullafgreidd við lokaúttekt skal verkkaupi án tafar gefa út vottorð um lokaúttekt og telst þar með hafa tekið við verkinu frá lokaúttektardegi að telja og hefist þar með ábyrgðartími verksins.

Sé hinsvegar eitthvað vangert eða ekki í samræmi við verklýsingu ákveður verkkaupi hvort verktaka er gefinn nýr frestur til að ljúka því sem vangert er eða hvort það skuli metið til verðs af fulltrúum verkkaupa og dregst sú upphæð frá samningsupphæðinni.

0.2.17 Ágreiningsmál

Komi til ósætti út af samningnum er hvorum aðila um sig heimilt að sækja málið í Héraðsdómi Reykjaness án undangenginnar sáttameðferðar fyrir sáttanefnd.

0.2.18 Verkmappa gæðakerfis

Grundvallarkröfur sem gerðar eru til verkmöppunnar

Markmið með gæðakerfi verktaka er að auka hagkvæmni og skilvirkni framkvæmdar-innar. Í upphafi verks leggur verktaki fram grunn að verkmöppunni og skal hann samþykktur af FR áður en skrifað er undir verksamning. Meðan á framkvæmdum stendur verða til skjöl sem fara í verkmöppuna. Í lok framkvæmda er fullbúin verkmappan afhent verkkaupa.

Í grunni að verkmöppu skal gerð grein fyrir stjórnkerfi verksins. Þegar verktaki leggur fram grunn að verkmöppunni skal hann gera grein fyrir verklagi sínu við:

- skjalastýringu
- póst inn og út
- móttöku og dreifingu teikninga
- móttöku efnis
- meðhöndlun frávika og úrbóta
- auka- og viðbótarverk
- nýja greiðsluliði
- innra eftirlit með einstökum verkþáttum
- verkþáttarýni

Við upphaf framkvæmda skal verktaki leggja fram gögn sem sýna hvernig hann hyggst standa að verkþáttarýni og innra eftirliti með framkvæmd einstakra verkþátta. Hér er ekki átt við að hann lýsi í smáatriðum framkvæmd hvers verkþátta, heldur hvernig hann hyggst standa að undirbúningi framkvæmdar við verkþáttinn (með verkþáttarýni). Á sama hátt lýsi hann hvernig hann ætlar að haga innra eftirliti sínu, hvaða eyðublöð hann ætlar að nota o.þ.h.

Verktaki útbúi eftirlitsáætlun vegna verksins í samráði við eftirlitsaðila verkkaupa. Þar komi fram hvað skal gera, hvernig, hvenær, hvaða kröfur skal uppfylla og hver ber ábyrgð á viðkomandi verkþætti.

Við lok framkvæmda skal verkmappan innihalda sögu verksins. Þar kemur m.a. fram:

- Fullnægjandi gögn um allt efni sem notað var við framkvæmdina, og krafist var gagna um.
- Ábyrgðarskírteini af öllu efni sem ábyrgð er gefin á.
- Útfyllt eyðublöð úr innri úttektum verktaka, skv. eftirlitsáætlun hans.
- Fullnægjandi niðurstöður allra fyrirskrifaðra prófana.
- Úttektarvottorð, eins og krafist er, frá þeim opinberu aðilum sem hlut eiga að máli.
- Upplýsingar um breytingar á útfærslum miðað við teikningar.
- Rekstrarhandbækur kerfa ef farið er fram á þær í útboðsgögnum.

KAFLI 1

VERKLÝSING

1 VIÐBYGGING

1.1 Viðbygging

1.1.1 Almenn lýsing

Verkkaup óskar eftir tilboði í viðbyggingu við núverandi hús að Skógarbraut 932 í Reykjanesbæ. Viðbyggingin er um 585 m², sjá meðf. teikningar, skal vera úr gámaeiningum eða öðrum sambærilegum einingum sem auðveldar eru í uppsetningu, hægt er að taka niður og setja upp annarsstaðar ákveði verkkaupi svo seinna.

Um er að ræða byggingu úr gólf-, vegg- og þakeiningum ásamt veggjum og búnaði innanhúss allt eins og kemur fram á aðaluppdráttum, full einangrað skv. reglugerð. Klæningar skulu vera í skv. kröfum á aðaluppdráttum. Bygging skal uppfylla allar þær kröfur sem gerðar eru til sambærilegra bygginga hvað hlóðvist, einangrun, brunavarnir, eins og kröfur segja til um á aðaluppdráttum og sem til þarf svo byggingin fái úttekin af byggingayfirvöldum.

Verkkaupi leggur til aðaluppdrætti, hönnun undirstaða og frárennislagna í grunni en verktaki skal leggja til hönnun og uppdrætti af öðru s.s. af lögnum innanhúss og öðru því sem skila þarf inn til byggingaryfirvalda til að fá byggingu samþykkt.

Kröfur um innhurðir koma fram á meðf. aðaluppdráttum.

Gólfefni skal vera t.d. Hydrocork eða sambærilegt.

Einingar skulu tilpassa meðfylgjandi módúlkerfi á aðaluppdráttum og skipulagi eins kemur fram á aðaluppdráttum og verða frávik hvað varaða skipulag, rými og málsetningar frá aðaluppdráttum ekki samþykkt.

Allir klæðninga á útveggjum og þaki sem og gluggar og hurðir skulu vera viðurkennd og vottuð til notkunar hér á landi. Litur klæðningar á gluggum og hurðum skal vera að vali verkkaupa.

Þar sem bygging kemur að eldra húsi þá skulu bjóðendur kynna sér aðstæður á staðnum og hafa inni í tilboði sínu kostnað við tengingu að eldra húsi og frágang á henni. Með tilboði skal fylgja með lýsing á frágangi við eldra hús.

Allar lagnir skulu vera í viðkomandi einingum þ.m.t. fráveitu-, hita-, neyslu-, rafl- og loftræstilagnir. Gólfhitalagnir skulu vera í öllum rýmum sem tilheyra deildum 3 og 4 sem og í íþróttasal, fjölnotarýmum og listasmiðju.

Öll vinna og allt lagnefni skal vera í samræmi við staðla og reglugerðir sem gilda um viðkomandi verk- og efnisliði. Allt lagnaefni skal vera vottað og viðurkennt til notkunar hér á landi.

Meðfylgjandi lagnateikningar eru til leiðbeingar og einföldunar fyrir bjóðendur við tilboðsgerðina og til hliðsjónar en bjóðendum er heimilt að bjóða aðrar lausnir en þá skulu fylgja með tilboði teikningar og lýsingar sem sýna aðra lausn á lögnum ásamt öllum upplýsingum um efni. Innifalið í tilboði skal einnig vera allar innréttingar og búnaður eins og upp er talinn og fram kemur á teikningum.

Hönnun raflagna og raflagnateikningar fylgja ekki með útboðsgögnum heldur skulu bjóðendur láta fylgja með tilboði sínu teikningar sem sýna raflagnir, lýsingu, tölvulagnir, neyðarlýsingu, brunaviðvörnarkerfi, tengla, rofa og annað það sem þarf til að uppfylla kröfur varðandi raflagnir fyrir byggingu sem þessa og kemur fram á uppdráttum og í verklýsingu þessari.

Allt efni og öll vinna skal í einu og öllu uppfylla ákvæði IST-200 – Raflagnir bygginga, Tæknilega tengiskilmála rafveitna, Byggingareglugerð, Reglur um sjálfvirk brunaviðvörnarkerfi leiðbeiningar 161.1.BR1 Brunamálastofnun ríkisins, Reglugerðar um brunavarnir og brunamál, ásamt gildandi reglum og stöðlum Mannvirkjastofnunnar, Vinnueftirlits ríkisins, Fjarskiptaeftirlits og HS-Veitna. Um reglugerðir o.þ.h. vísast að öðru leyti til hinna almennu tilboðs og útboðsskilmála í hinni almennu lýsingu.

Verkkaupi leggur til og sér um jarðvinnu, undirstöður og lagnir að viðbyggingu en bjóðandi skal útvega og reisa viðbyggingu með búnaði sem þar er fyrirskrifaður festa við undirstöður, tengja við lagnir og skila byggingu fullfrágenginni og tilbúinni til notkunar.

Með tilboð skulu fylgja með allar upplýsingar um það sem boðið er, efni, framleiðanda, vottanir, reynslu af notkun eininga frá framleiðanda hér á landi, upplýsingar um bjóðanda, undirverktaka og annað það sem nauðsynlegt má teljast svo verkkaupi geti metið það sem verið er að bjóða.

Með tilboði skal fylgja verkáætlun þar sem fram komi hvenær reisning og uppsetning viðbyggingar hefjist og skilafími. Einnig skal verktaki leggja fram með tilboði greiðsluáætlun þar sem fram komi dagsetningar og upphæðir sem greiða skal.

Staðlar og reglugerðir sem eiga við um byggingu sem þessa gilda og skal byggingin uppfylla allar kröfur og öll skilyrði þeirra.

1.1.2 Magniölur.

Greitt verður eitt heildarverð fyrir fullfrágengna viðbyggingu eins og hér að ofan er lýst og skal innifalinn allur kostnaður við húsið frá undirstöðum, þ.m.t. öll hönnun önnur en sú verkkaupi leggur til, allur kostnaður við fullfrágengið hús að utan sem innan með innréttingum og búnaði eins og fram koma á uppdráttum úttekið og samþykkt af byggingaryfirvöldum.